

## AUGLÝSING

### um gildistöku bókana við samþykkt um alþjóðaflugmál.

Bókun um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 7. desember 1944, sem gerð var í Montreal 30. september 1977, öðlaðist gildi 17. ágúst 1999 og bókun um gildan texta samþykktarinnar á fjórum tungumálum, sem gerð var í Montreal sama dag, öðlaðist gildi 16. september 1999, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 49 og 50, og auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1979, þar sem bókanirnar eru birtar, 1/1981, 1/1988, 10/1990 og 21/1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2002.*

**Halldór Ásgrímsson.**

---

*Sverrir Haukur Gunnlaugsson.*